

Kennsluáætlun



Íslenska, haustönn 2019 og vorönn 2019

5. bekkur

Kennarar: Arna Sædal Andrésdóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáningu í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel.

Lykilhæfni

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Námsefni

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla.

Orðspor, lesbók og vinnubók e. Ásu Marin Hafsteinsdóttur og Kristjönu Friðbjörnsdóttur; *Söguskinna, Töfraskinna og Flökkuskinna* e. Eddu Pétursdóttur og Þórdísi Gísladóttur; *Mál til komið og Mál í mótun* e. Kolbrúnu Sigurðardóttur og Þóru Kristinsdóttur; *Finnbjörg* e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur; *Lesrún* e. Önnu Þóru Jónsdóttur og Kristjönu Pálsdóttur; *Sögusteinn*; ljósritað efni frá kennara.

Auk þess skulu nemendur velja sér frjálslestrarbækur á íslensku (í samráði við kennara) fyrir heimalestur/yndislestur.

Námsmat

Lestur og lestrarskráning, ritun, málfræðikönnun, lesskilningsverkefni, framsögn og vinnueinkunn.

	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
ágúst – sept.	<p><i>Stafsetning</i> Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p> <p><i>Ritun</i> Að geta samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér fjölbreytt lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p><u>Stafsetning</u>: stór/lítill stafur. Punktur, komma í upptalningu og spurningarmerki.</p> <p><u>Ritun</u>: Útikennsla, ljóðagerð og skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur. Rím, ljóðstafir.</p> <p><u>Yndislestur</u>: Bók að eigin vali</p>	<p>Framsögn</p> <p>Lestrarskráning</p>
október	<p><i>Stafsetning</i> Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p> <p><i>Málfræði</i>: Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i> Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i> Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.</p>	<p><u>Stafsetning</u>: minn/mín reglan, stór og lítill stafur.</p> <p><u>Málfræði</u>: samheiti, andheiti greinir, kyn nafnorða, eintala og fleirtala, fallbeyging nafnorða, stofn nafnorða, hlutstæð og óhlutstæð nafnorð.</p> <p><u>Málfræði</u>: stafrófið sérnöfn, samnöfn, samsett orð.</p> <p>Fyrirmyndarmálgrein.</p> <p><u>Ritun/lestur</u> Útdráttur/draga saman aðalatriði. Aðalatriði, lykilorð og endursögn.</p> <p>Lestur: Auka orðaforða, lesskilning og hraða.</p> <p><u>Yndislestur</u>: Bók að eigin vali</p>	

	<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</p>		Lestrarskráning
nóvember	<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.</p> <p><i>Stafsetning:</i> Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér fjölbreytt lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p><u>Bókmenntir:</u> <i>Smásögur/verkefni</i> Sögusteinn</p> <p><u>Stafsetning:</u> minn/mín reglan, greinir (-n, -nn), einfaldur/tvöfaldur samhljóði, ng/nk reglan – grannur og breiður sérhljóði.</p> <p><u>Málfræði:</u> stafrófið, sérnöfn, samnöfn, samsett orð.</p> <p><u>Ritun:</u> útdráttur/draga saman aðalatriði, endursegja, glósa, skrifa sögur/leikrit.</p> <p><u>Lestur:</u> Lestrartækni, auka orðaforða, lesskilning og hraða.</p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali.</p>	<p>Verkefnavinna</p> <p>Lestrarskráning</p>
desember	<p><i>Stafsetning:</i> Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p> <p><i>Málfræði</i> Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</p> <p>Að geta notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p>	<p><u>Stafsetning:</u> stafsetningarregla um y/ý/ey og hv/kv reglan.</p> <p><u>Málfræði:</u> sagnorð, persónur sagnorða, nútíð og þátíð, nafnháttur sagna.</p> <p><u>Ritun:</u> útdráttur/draga saman aðalatriði, endursegja, glósa, skrifa sögur/leikrit. Hugarkort, skrifa sögur, undirbúa ritun fræðitexta.</p>	

	<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér fjölbreytt lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p><u>Lestur:</u> lestrartækni, auka orðaforða, lesskilning og hraða.</p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali.</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>janúar</p>	<p><i>Talað mál, hlustun og áhorf.</i> Að geta tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p><u>Framsögn</u> Ýmis verkefni frá kennurum (m.a. sýna og tala)</p> <p><u>Stafsetning/málfræði:</u> upprifjun fyrir könnun.</p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali</p>	<p>Kennaramat, sjálfsmat og foreldramat</p> <p>Málfræðikönnun</p> <p>Lestrarskráning</p>
<p>febrúar</p>	<p><i>Stafsetning</i> Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p> <p><i>Málfræði</i></p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér fjölbreytt lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p><u>Stafsetning:</u> stafsetningarregla um y/ý/ey og hv/kv reglan. Skammstafanir.</p> <p><u>Málfræði:</u> Lýsingarorð, stigbreyting lýsingarorða.</p> <p><u>Lestur og lesskilningur.</u> Lestur á texta og spurningar um efni hans. Persónusköpun og söguvið. Kynjaverur.</p> <p>Lesskilningsverkefni</p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>mars</p>		<p><u>Stafsetning:</u> gæsalappir</p> <p><u>Málfræði:</u> Málshættir og orðtök, myndmál og lýkingar.</p>	

	<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér fjölbreytt lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p><u>Ritun:</u> sögugerð</p> <p>Lestur: Auka orðaforða, lesskilning og hraða.</p> <p><u>Lesskilningsverkefni</u></p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>apríl</p>	<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</p>	<p><u>Stafsetning:</u></p> <p><u>Málfræði:</u></p> <p>Orðspor, það sem eftir er. M.a. bls. Fjölmiðlaverkefni (auglýsing)</p> <p><u>Lesskilningsverkefni</u></p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>maí</p>	<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér fjölbreytt lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Samantekt á öllu því sem farið hefur verið í í vetur.</p> <p><u>Yndislestur:</u> Bók að eigin vali.</p>	<p>Könnun</p> <p>Lestrarskráning</p>

Birt með fyrirvara um breytingar.